



FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.



Fréttabréf



Desember 2010 - 1. tölublað - 13. árgangur

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk. - sími 520-1500

*Gledilega jólahátíð
og heillárikt komandi ár
megi ljós og friður
lifa með okkur öllum*

**Starfsfólk Félagsbústaða
þakkar samstarfið á árinu**

Aðgengismál í framkvæmd

Undanfarin 2 ár hafa Félagsbústaðir ekki fjölgað íbúðum sínum að ráði heldur hefur áherslan verið lögð á að endurbæta núverandi fjölbýlishús eftir fremsta megni.

Talsverðar framkvæmdir hafa staðið yfir og hefur sérstök áhersla verið lögð á aðgengi fyrir alla, m.a. með breikkun dyragátta, fjarlægja þröskulda o.fl.

Nýverið lauk viðhaldsframkvæmd á Skúlagötu 64-80 þar sem allar 72 íbúðirnar ásamt sameign voru teknar til gagnberra endurbóta. Er þetta 63 ára

gamla fjölbýlishús því sem glænýtt að innan jafnt utan en utanhússviðgerð lauk fyrir nokkrum árum.

Í sumar hófst vinna við samskonar endurbætur á Meistaravöllum 19-23. Þar verður komið fyrir smályftu í einum stigaganginum en það er brautryðjendaverk á sviði aðgengismála á Íslandi. Síðan verður farið í eins framkvæmd að Meistaravöllum 25-29.



FÉLAGSBÚSTAÐIR.is



Búsetukjarnar í húsnæði Félagsbústaða

Félagsbústaðir hafa það markmið að sem mest fjölbreytni sé í boði á leiguíbúðum félagsins. Þar má nefna þjónustuíbúðir fyrir aldraða, íbúðir með stuðningi við þá sem eiga við áfengis- eða vímuefnavandamál að stríða og áfangaheimili með búsetu- og stuðningsþjónustu. Nýjasta viðbótin í þessa flóru eru búsetukjarnar fyrir geðfatlaða einstaklinga. Undirbúningur að verkefninu, sem gekk undir nafninu *Straumhvörf*, var unnið í sérstökum starfshópi með fulltrúum Félagsbústaða og Velferðarsviðs.

Málaflokkur geðfatlaðra flutti frá ríkinu til sveitarfélaga og var það hlutverk Félagsbústaða að útvega húsnæði fyrir samtals 40 einstaklinga. Búsetukjarnarnir samanstæðu af 5-7 litlum íbúðum ásamt starfsmannaaðstöðu og íbúðirnar staðsettar vítt og breytt um borgina. Þetta hefur nú gengið eftir og var síðasti búsetukjarninn opnaður á þessu ári.

Á málþingi sem haldið var nýlega var farið yfir þessa vinnu og reynsluna sem fengist hefur af *Straumhvarfaverkefninu*. Var það samdóma álit fólks á málþinginu að vel hefði tekist til og að leigjendur íbúða í búsetukjörnunum sjö sem eru í eigu Félagsbústaða væru ánægðir með þetta nýja búsetuform.



Samstarf í eldvörnum

ELDVARNIR Í desember 2008 hófu Félagsbústaðir og VÍS formlegt forvarnarsamstarf um eldvarnir í fasteignum Félagsbústaða. Markmiðið var að miðla forvarnarfræðslu um eldhættur á heimilum og í sameignum til leigjenda Félagsbústaða.

Leigjendur Félagsbústaða hafa síðustu tvö ár fengið leiðbeiningarblöð um eldvarnir fyrir jólahátíðina og í fyrra fengu allir batterí í reykskynjara í jólagjöf frá VÍS. Í ár á að gera enn betur og verður handbók um eldvarnir heimilisins dreift til allra ásamt batterí í reykskynjara. Samstarfið hefur gengið mjög vel og brunatjónum hefur fækkað verulega sem er öllum til hagsbóta.



Félagsbústaðir og VÍS vilja þakka og hrósa leigjendum fyrir þátttöku þeirra í forvarnarsamstarfinu með því að tileinka sér öflugari eldvarnir á heimilum og sameignum sínum.

Símatímar Félagsbústaða

Þjónustudeild - kl. 9:00- 10:00
í síma 520-1500 alla virka daga.

Innheimtustjóri – kl.11:00-12:00
í síma 520-1500 alla virka daga.

Bilanatilkynningar – kl.13:00-15:00
í síma 557-9664 alla virka daga.

Handbók um eldvarnir

ELDVARNIR Í handbók heimilisins um eldvarnir sem VÍS dreifir til allra leigjenda er að finna upplýsingar um nánast hvaðeina sem snertir eldvarnir á heimilum.

Fjallað er um virkni reykskynjara, flóttáætlun, slökkvibúnað, rafmagnstæki, gas, eld og eldfim efni, brunahólfun og eldvarnir í sameign fjölbýlishúsa. Hættan með rafmagn og rafmagnstæki er útskýrð og brunatryggingar kynntar.



Handbókin er samstarfsverkefni allra tryggingafélaga ásamt opinberum aðilum sem sameinast undir nafninu *Eldvarnabandalagið* og hefur hún verið prentuð í stóru upplagi og verður dreift um allt land á vegum þess og Félags fasteignasala.

Hún er jafnframt aðgengileg á heimasíðu www.vis.is og þeirra sem eiga aðild að *Eldvarnabandalaginu*. Hægt er að sjá eldvarnir heimilisins settar upp á myndrænan hátt í *Trausta-koti* á heimasíðu VÍS.

Útgefandi:  FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.
Hallveigarstíg 1, 101 Rvk.
Sími:520-1500 · Fax:520-1516
Upplag: 2300 eintök
Abyrgðarmaður: Sigurður Kr. Friðriksson
www.felagsbustadir.is